

**464. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, þriðjudaginn 18. febrúar 2014  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Indriði Indriðason Embættismaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ).

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti kannað hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti lýsti fundinn lögmætan.

**Dagskrá:**

- 1. 1402054 - Fundargerð 812. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga. frá 31 jan. 2014.**  
Til kynningar.
- 2. 1402057 - Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. frá 21. jan. 2014.**  
Til kynningar.
- 3. 1401003F - Félagsmálanefnd – 18. fundur 17. des..2013.**  
Fundargerðin er í 3. töluliðum.  
Liður 1. í fundargerð félagsmálanefndar, reglur um ferðapjónustu fatlaðra í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp, er tekin til sér afgreiðslu undir 15. tl.  
Fundargerðin er staðfest að öðru leyti.  
Samþykkt samhljóða.
- 4. 1312002F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps – 81. fundur 9. des. 2013.**  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 5. 1402005F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps – 82. fundur 10. feb. 2014.**  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 6. 1402049 - Úttekt á slökkviliði Tálknafjarðarhrepps 2013.**

Davíð Rúnar Gunnarsson, slökkviliðstjóri mætir til fundar undir þessum lið og fer yfir úttekt á slökkviliði Tálknafjarðarhrepps.  
Hreppsnefnd óskar eftir tillögum til úrbóta ásamt kostnaðaráætlun.  
Kominn er tími á endurskoðun brunavarnaráætlun Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar 2009-2014, er sú vinna að fara í gang.  
Samþykkt samhljóða.

**7. 1402048 - Aðildarumsókn sveitarfélaga að rammisamningakerfi Ríkiskaup fyrir árið 2014.**

Fyrir fundinum liggur undirritaður samningur um aðild að rammisamningakerfi Ríkiskaupa fyrir árið 2014.  
Samþykkt samhljóða.

**8. 1402043 - Skil á viðaukum við fjárhagsáætlun sveitarfélag til innanríkisráðuneytisins.**

Tálknafjarðarhreppur hefur skilað inn samþykktum viðaukum fyrir árið 2013.  
Samþykkt samhljóða.

**9. 1401043 - Samþykkt um byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd.**

Tekin til síðari umræðu samþykkt um byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd.  
Samþykkt samhljóða.

**10. 1402052 - Erindisbréf. Atvinnu-, og - hafnarnefndar.**

Sveitarstjórn samþykkir framlagt erindisbréf fyrir atvinnu-, og hafnarnefnd, með þeim breytingum sem gerðar voru á fundinum.  
Sveitarstjóra falið að kynna erindisbréfið fyrir nefndarmönnum og boða til fyrsta fundar.  
Samþykkt samhljóða.

**11. 1402051 - Erindisbréf. Fræðslu-, menningar-, íþróttar-, og æskulýðsnefndar.**

Sveitarstjórn samþykkir framlagt erindisbréf fyrir fræðslu-, menningar-, íþróttar-, og æskulýðsnefnd, með þeim breytingum sem gerðar voru á fundinum.  
Sveitarstjóra falið að kynna erindisbréfið fyrir nefndarmönnum og boða til fyrsta fundar.  
Samþykkt samhljóða.

**12. 1402050 - Erindisbréf Byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefndar.**

Sveitarstjórn samþykkir framlagt erindisbréf fyrir byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefnd, með þeim breytingum sem gerðar voru á fundinum.  
Sveitarstjóra falið að kynna erindisbréfið fyrir nefndarmönnum og boða til fyrsta fundar.  
Samþykkt samhljóða.

**13. 1402055 - Uppgjör samstarfsverkefna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar 2013.**

Sveitarstjóri fór yfir kostnað vegna samstarfsverkefna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.  
Sveitarstjóra er falið að leggja fram endanlegt kostnaðaruppgjör á næsta fundi sveitarstjórnar.  
Samþykkt samhljóða.

**14. 1402058 - Erindi frá EFS vegna fjármálastjórnunar.**

Sveitarstjóra og oddvita er falið að gera drög að svarbréfi og leggja fyrir sveitarstjórn.  
Samþykkt samhljóða.

**15. 1401025 - Reglur Vesturbyggðar/Tálknafjarðarhrepps um ferðaþjónustu fatlaðra.**

Reglur um ferðaþjónustu fatlaðra Vesturbyggðar/Tálknafjarðarhrepps, staðfestar.  
Samþykkt samhljóða.

**16. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem nú eru í vinnslu ss. vinna við uppgjör ársins 2013, vinna við endurnýjun lóðasamninga, sem og vinna að gerð viðhaldsáætlunar sem gerð er af verkfræðistofunni Mannvit í samstarfi við heimamenn. Önnur mál voru líka kynnt lauslega.

**17. 1402047 - Umsóknir um styrktarbeiðnir í styrktarsjóð EBÍ 2014**

Til kynningar.

**18. 1402045 - Þakkarbréf**

Til kynningar.

**19. 1402041 - Verndar og stjórnunaráætlun Látrabjargssvæðinsins.**

Til kynningar.

**20. 1402053 - Byggðaáætlun 2014 - 2017. Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga.**

Til kynningar.

Næsti fundur hreppsnefndar er 18.mars 2014

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:50.**

---

---

---

---

---

---

---

---